

Stefna í málefnum eldri borgara í Garðabæ

2016-2026






Stefna í málefnum eldri borgara í Garðabæ

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Formáli | 4 |
| 1. Heildstæð þjónusta, hugmyndafræði og gildi | 8 |
| 2. Þátttaka eldri borgara - notendasamráð | 10 |
| 3. Upplýsingaflæði | 12 |
| 4. Félagsleg þátttaka | 14 |
| 5. Forvarnir og heilsuefling | 16 |
| 6. Búsetuúrræði - lífsgæði | 18 |
| 7. Samgöngur - umhverfi | 20 |
| 8. Miðlun þekkingar | 22 |
| 9. Tækni í velferðarþjónustu | 25 |
| 10. Sjálfbóðastarf - samfélagsleg ábyrgð | 26 |
| 11. Aðstandendur | 27 |
| 12. Starfsfólk öldrunar- og heimaþjónustu | 28 |
| Viðauki | 30 |

Formáli



Málefni eldri borgara í Garðabæ eru mikilvægur grunnur að sterku og blómlegu samfélagi. Skýr framtíðarsýn þar sem unnið er markvisst að framþróun á breiðum vettvangi er snýr að lífsgæðum eldri borgara skiptir máli. Í vinnu við stefnumótun í málefnum eldri borgara 2016-2026 hefur verið lagt upp með að skapa heildstæða sýn þar sem horft er á alla þjónustu Garðabæjar við eldri borgara sem eina heild. Í stefnunni er dregið fram hvaða málaflokkar í bæjarfélaginu hafa áhrif á líf og lífsgæði eldri borgara og áherslur bæjarfélagsins settar fram. Mikilvægt er að stefnan sé lifandi og taki mið af samfélagslegri þróun, nýjustu þekkingu og þörfum íbúa hverju sinni.

Ekki er til nein ein skilgreining á hver telst vera „eldri borgari“. Oft er miðað við ákveðinn aldur og er þá algengast að miða við töku lífeyris s.s. 67 ára aldurinn. Jafnframt er stundum miðað við þátttöku í félögum eldri borgara, afslátt hjá sveitarfélögum eða fyrirtækjum og/eða inntökuskilyrði í mismunandi búsetuform. Í þessari stefnu í málefnum eldri borgara í Garðabæ er ekki frekari skilgreining á hugtakinu „eldri borgari“ en hér að framan. Ef til vill færi best á því að hver og einn ákveði hvenær hann tilheyri hópi eldri borgara.

Í áframhaldandi þróun og uppbyggingu Garðabæjar næsta áratuginn er lögð áhersla á að horfa til hugmynda- og aðferðafræði verkefnisins „aldursvænar borgir“. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur undanfarin ár leitt samstarf um „aldursvænar borgir“ eða „Global Network of Age Friendly Cities“ (sjá viðauka). Fjöldi þeirra sveitarfélaga víðsvegar um heiminn, sem hafa tileinkað sér þessa hugmynda- og aðferðafræði, hefur farið hratt vaxandi og mikil þekking og reynsla hefur skapast sem vert er að horfa til.

Við gerð stefnunnar voru niðurstöður Framtíðarþings um farsæl efri ár í Garðabæ, sem haldið var 8. apríl 2014, hafðar að leiðarljósi. Niðurstöður þingsins falla vel að málaflokkum sem lagt er upp með í verkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aldursvænar borgir. Þá var leitað til fulltrúa í nefnd um málefni eldri borgara, fulltrúa Félags eldri borgara í Garðabæ og Félags eldri borgara á Álftanesi, auk sérfræðinga í öldrunar- og heimaþjónustu bæjarfélagsins við gerð stefnunnar.

Stefnu Garðabæjar í málefnum eldri borgara 2016-2026 er skipt upp í tólf kafla en þar af falla niðurstöður úr sjö köflum í skýrslu um **Framtíðarþing um farsæl efri ár í Garðabæ** vel að málaflokkum **Aldursvænna borga**:

FRAMTÍÐARÞING UM FARSÆL EFRI ÁR Í GARÐABÆ

Áherslur:

- Þátttaka eldri borgara, notendasamráð
- Upplýsingaflæði
- Félagsleg þátttaka
- Forvarnir og heilsuefling
- Búsetuúrræði
- Samgöngur
- Miðlun þekkingar

Í stefnunni eru einnig kaflar um heildstæða þjónustu, hugmyndafræði og gildi, þátttöku eldri borgara, tækni í velferðarþjónustu, sjálfboðastarf og samfélagslega ábyrgð, aðstandendur og starfsfólk í öldrunarþjónustu auk viðauka.

Lagt er til að stefna Garðabæjar í málefnum eldri borgara verði í gildi árin 2016-2026 og að unnin verði aðgerðaáætlun til 1-3 ára í senn á tímabilinu ásamt kostnaðaráætlun þar sem skilgreindir verða ábyrgðaraðilar á verkefnum.

Aðgerðaáætlun taki mið af stefnunni og fjárveitingum til málaflokksins á hverjum tíma. Jafnframt þarf að endurskoða stefnuna eftir þörfum enda er málaflokkur eldri borgara í mikilli þróun.

“ Mikilvægt er að stefnan sé lifandi og taki mið af samfélagslegri þróun, nýjustu þekkingu og þörfum íbúa hverju sinni.

Eftirfarandi fulltrúar nefndar um málefni eldri borgara og fjölskylduráðs Garðabæjar leiddu vinnu við stefnuna ásamt framkvæmdastjóra öldrunar- og heimaþjónustu Garðabæjar:

Ástbjörn Egilsson, formaður nefndar um málefni eldri borgara

Harpa Guðný Hafberg, fjölskylduráði

Ingibjörg Valgeirsdóttir, framkvæmdastjóri öldrunar- og heimaþjónustu

Ólafur Proppé, nefnd um málefni eldri borgara

Sturla Þorsteinsson, formaður fjölskylduráðs

Stefna í málefnum eldri borgara í Garðabæ 2016-2026 var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar 19. maí 2016.

1

Heildstæð þjónusta,
hugmyndafræði og gildi



Til að skapa heildstæða stefnu í málefnum eldri borgara í bæjarfélaginu er mikilvægt að horfa á alla þjónustu við aldurshópinn sem eina heild. Sameiginleg gildi og hugmyndafræði eru forsenda þess að samræmi sé á milli þjónustu ólíkra stofnana. Mikilvægt er að fara í þá vinnu að skapa sterkan sameiginlegan hugmyndafræðilegan grunn, en hann er lykill að áframhaldandi þróun og uppbyggingu þjónustunnar svo mæta megi sem best þörfum eldri borgara og aðstandenda þeirra. Eldri borgarar í Garðabæ eiga rétt á almennri þjónustu bæjarfélagsins en auk þess þjónusta eftirfarandi stofnanir eldri borgara sérstaklega:*

- Félags- og íþróttastarf (Jónshús, Litla Kot, Kirkjuhvoll, íþróttamannvirki)
- Félagsleg heimaþjónusta, Ísafold
- Dagdvöl/dagþjálfun, Ísafold
- Þjónustumiðstöð, Ísafold
- Hjúkrunarheimili, Ísafold

Nú liggur fyrir að rekstur hjúkrunarheimilisins Ísafoldar mun í nánustu framtíð flytjast yfir til ríkisins eða annars rekstraraðila.** Lögð er áhersla á mikilvægi samstarfs við nýja rekstraraðila svo tryggja megi samfellu í öldrunarþjónustu óháð því hver leiðir reksturinn. Mikilvægt er að Garðabær hlúi áfram að starfsemi hjúkrunarheimilisins með fjölbreyttum hætti.

** Í viðauka er yfirlit yfir þjónustu bæjarfélagsins og búsetuúrræði fyrir eldri borgara í Garðabæ.*

*** Hrafnista tók við rekstri hjúkrunarheimilisins Ísafoldar frá 1. febrúar 2017.*

2

Þátttaka eldri borgara - notendasamráð



Framlag eldri borgara til samfélagsins í Garðabæ, raddir þeirra, þekking og reynsla, er auður sem er ein af grunnstoðum bæjarlífsins. Lögð er áhersla á að gera fjölbreytt framlag eldri borgara sýnilegt og efla þátttöku þeirra í nærsamfélaginu í Garðabæ með margvíslegum hætti.

Sjónarmið eldri borgara í Garðabæ skiptir máli í þróun og uppbyggingu bæjarfélagsins. Lagt er til að skýra farveg þeirra sjónarmiða, t.a.m. með íbúafundum, rafrænu ábendingakerfi, þar sem eldri borgarar og aðrir íbúar geta komið því á framfæri sem vel er gert og því sem betur má fara, auk þess sem áhersla verði lögð á notendasamráð í þeirri þjónustu á vegum bæjarins sem snýr að eldri borgurum. Þá verði leitað samstarfs við frjáls félagasamtök í Garðabæ sem haldið hafa úti eða stutt starf og þjónustu við eldri borgara.

“**Framlag eldri borgara til samfélagsins í Garðabæ, raddir þeirra, þekking og reynsla, er auður sem er ein af grunnstoðum bæjarlífsins.**”

Brýnt er að rödd eldri borgara hafi áfram skýran farveg í stjórnkerfi Garðabæjar með setu áheyrnarfulltrúa úr félögum eldri borgara í nefnd bæjarfélagsins um málefni eldri borgara. Nefndin skal vera ráðgefandi aðili til bæjarstjórnar í málefnum eldri borgara.

3

Upplýsingaflæði



Eldri borgarar og aðstandendur þeirra standa frammi fyrir fjölmörgum spurningum á nýju æviskeiði. Garðabær leggur því ríka áherslu á auðvelt aðgengi að upplýsingum um þjónustu fyrir eldri borgara í bæjarfélaginu. Mikilvægt er að kerfið byggji á heildarsýn, sé sem einfaldast, boðleiðir stuttar og eldri borgarar fái skýra leiðsögn um þá þjónustu og þá möguleika sem eru í boði.

Brýnt er að vefur, þar sem öll þjónusta við eldri borgara á vegum bæjarfélagsins kemur fram, sé bæði upplýsandi og notendavænn. Þá séu upplýsingar læsilegar og aðgengilegar, bæði í útgefnu efni á vegum sveitarfélagsins sem og á vefsvæði Garðabæjar.

Tryggja þarf aðgengi að upplýsingum um alla öldrunarþjónustu bæjarins á einum stað þar sem eldri borgarar geta leitað ráðgjafar. Samræmi þarf að vera í upplýsingagjöf til notenda hjá þeim aðilum er leiða þjónustu bæjarfélagsins í málaflokknum. Því þarf að samþætta þá þjónustu sem snýr að eldri borgurum í Garðabæ og efla samstarf og upplýsinga- og þekkingarmiðlun á milli stofnana.

Efla þarf jafnframt upplýsingaflæði og samstarf við þá aðila sem þjónusta eldri borgara í Garðabæ á vegum annarra en sveitarfélagsins, má þar nefna heimahjúkrun, heilsugæslu, frjáls félagasamtök auk annarra aðila.

4

Félagsleg þátttaka



Mikilvægi félagslegrar þátttöku verður seint ofmetið. Þekkt er að slík þátttaka hefur áhrif á líðan og velferð eldri borgara og kemur í veg fyrir einangrun og einmanaleika sem rannsóknir sýna að er einn helsti fylgikvilli öldrunar. Fjölbreytt félags- og íþróttastarf mætir ólíkum þörfum einstaklinga og hvetur til virkni.

Garðabær vill stuðla að fjölbreyttu félags- og íþróttastarfi fyrir eldri borgara, hvort sem er á vegum sveitarfélagsins, íbúa sjálfra, sjálfboðastarfs eða á vegum félagasamtaka. Mikilvægt er að kynna starfið eldri borgurum bæjarfélagsins.




Mikilvægi félagslegrar þátttöku verður seint ofmetið.

Lögð er áhersla á að safna upplýsingum um afþreyingu, félags- og íþróttastarfsemi í bæjarfélaginu, og eftir því sem við á í nærliggjandi sveitarfélögum, og miðla þeim til aldraðra með notendavænum vefsíðum, útgefnu upplýsingaefni og ráðgjafarþjónustu, m.a. í samvinnu við félög eldri borgara.

Tvö félög eldri borgara eru starfrækt í Garðabæ. Bæjarfélagið styður við starf þeirra beggja og hvetur þau til að vinna saman þegar við á. Garðabær væntir mikils af samstarfi við bæði félögin og vísar til starfs þeirra og frumkvæðis á vef sínum.

5

Forvarnir og heilsuefning



Líkamleg, andleg og félagsleg heilsa er undirstaða lífsgæða á efri árum. Lögð er áhersla á forvarnir, fræðslu, upplýsingar og aðgengi að heilsueflandi þjónustu fyrir eldri borgara í Garðabæ.

“ **Líkamleg, andleg og
félagsleg heilsa er
undirstaða lífsgæða á efri árum.**

Fjölbætt heilsutengd þjónusta í formi sjúkráþjálfunar, iðjuþjálfunar, sálgæslu og heilsueflingar þarf að vera aðgengileg öllum.


Stuðlað verður að því að forvarnar- og heilsueflandi starf með eldri borgurum vegi þungt:

- Í nýrri hugmyndafræði öldrunar- og heimaþjónustu Garðabæjar
- Í þjónustu stofnana í öldrunar- og heimaþjónustu Garðabæjar
- Í samráði og samstarfi við heimahjúkrun
- Í samráði og samstarfi við Heilsugæsluna í Garðabæ
- Í samráði og samstarfi við félög eldri borgara í Garðabæ
- Í samráði og samstarfi við frjáls félagasamtök í Garðabæ sem láta sig málefni eldri borgara varða
- Í samráði við aðra hlutaðeigandi aðila

Auk almennrar fræðslu um heilsutengd málefni verði lögð áhersla á það sem eldra fólk getur gert sjálft til að efla og bæta andlega og líkamlega heilsu sína þar sem daglegar lífsvenjur og viðhorf skipta máli.

6

Búsetuúrræði - lífsgæði



Fjölbreytt búsetuúrræði eru mikilvæg til að mæta þörfum ólíkra fjölskyldugerða og ólíkra aldurshópa í bæjarfélaginu. Mikilvægt er að hafa það í huga þegar ný hverfi eru skipulögð.

Stuðla skal að því að fólki verði gert kleift að búa heima hjá sér eins lengi og unnt er með fjölbreyttum hætti svo sem með heimsendum mat, aðstoð við viðhald á lóðum, félagslegri heimaþjónustu og dagdvöl.

Félagsleg heimaþjónusta er ein af grunnstoðunum til að mæta þörfum þeirra einstaklinga sem búa heima. Þjónustan þarf að vera valdeflandi og miða að því að viðhalda og efla færni og lífsgæði fólks. Þekking félagsráðgjafa, iðjubjálfa, sjúkrabjálfa og þroskabjálfa vegur þungt í þeirri þjálfun sem nauðsynleg er fyrir fólk sem þarf að takast á við skerta færni eða heilsubrest á efri árum svo það geti búið sem lengst í heimahúsi.

Lagt er til að teymi verði sett á laggirnar í félagslegri heimaþjónustu í Garðabæ sem sinni slíkri þjálfun. Lögð er áhersla á að Garðabær taki í notkun samræmt matstæki til að meta þjónustubörf þeirra einstaklinga sem búa heima. Með slíku mati er unnt að meta faglega þjónustubörf viðkomandi sem nota má sem hjálpartæki við gerð þjónustuáætlana.

Dagdvöl/dagþjálfun er mikilvægt úrræði fyrir þá sem búa heima en þurfa á líkamlegri, andlegri og félagslegri þjónustu að halda 1-5 daga í viku. Stefnt er að áframhaldandi uppbyggingu á þjónustu Dagdvalar Ísafoldar. Dagdvalarpláss eru fjármögnuð af ríkinu og mun Garðabær halda áfram að óska eftir leyfum fyrir þeim fjórum plássum til viðbótar sem húsnæðið gerir ráð fyrir (sjá viðauka).

Brýnt er að skoða frekari lausnir varðandi dagdvöl fyrir eldri borgara í Garðabæ í ljósi biðlista og fyrirsjáanlegri vaxandi þörf.

7

Samgöngur - umhverfi



Samgöngur hafa mikil áhrif á búsetu fólks og lífsgæði. Til að auðvelda raunhæfa búsetu í heimahúsi sem lengst er brýnt að huga vel að samgönguúrræðum.



Samgöngur hafa mikil áhrif á búsetu fólks og lífsgæði.

Mikilvægt er að greiðar og góðar samgöngur séu í boði innan bæjarfélagsins og út í hverfi þannig að fólk komist leiðar sinnar til að sinna þörfum sínum utan heimilis og eigi kost á að rjúfa félagslega einangrun sem hætta er á að skapist. Leita þarf fjölbreyttra lausna og gera upplýsingar um samgöngumöguleika innan Garðabæjar aðgengilegar.

Aðlaðandi gönguleiðir, greiðfærir og upplýstir göngustígar, bekkir á gönguleiðum og falleg og aðgengileg útivistarsvæði auðvelda ferðir eldri borgara og stuðla að útiveru og auknum lífsgæðum. Mikilvægt er að huga að þessum þáttum í uppbyggingu nýrra hverfa sem og í viðhaldi og endurbótum á eldri hlutum bæjarins.

8

Miðlun þekkingar




Ný þekking á hverjum tíma skiptir máli í þeirri þjónustu sem bæjarfélagið veitir. Lögð er áhersla á að fylgjast með rannsóknum í öldrunarfræðum og miðla þeirri þekkingu til bæði starfsfólks og íbúa Garðabæjar. Mikilvægt er að vera í tengslum við háskólasamfélagið á Íslandi og fylgjast með þróun á málaflokknum erlendis.

Stefnt er að því að markvisst verði unnið að þekkingarmiðlun á milli þjónustuaðila bæjarins og jafnframt lögð áhersla á þátttöku í miðlun þekkingar á milli aðila í öldrunarþjónustu á Íslandi.

“ Eldri borgarar í Garðabæ
búa yfir yfirgripsmikilli
þekkingu og reynslu sem áhugavert
er að miðla á milli kynslóða.

Eldri borgarar í Garðabæ búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu og reynslu sem áhugavert er að miðla á milli kynslóða. Garðabær vill stuðla að auknum samskiptum eldri og yngri borgara með miðlun þekkingar og reynslu á milli kynslóða. Það er hægt að gera með margvíslegum hætti, t.d. með því að unglingar kenni eldri borgurum á ýmsa nútímatækni og að eldri borgarar kenni þeim yngri í leikskólum, starfskynningum í grunnskólum og á öðrum vettvangi sem sjálfbóðaliðar.



9



Tækni í velferðarþjónustu

Stefna um nýsköpun í tækni á sviði velferðarþjónustu kom út á vegum Velferðarráðuneytisins í september 2015. Í öldrunar- og heimaþjónustu Garðabæjar er lögð áhersla á að fylgja þeirri framþróun sem á sér stað og horfa til þess sem vel reynist í tækni í þjónustu við eldri borgara.

Mikilvægt er að koma upplýsingum á framfæri um framboð á velferðartækni sem nýst getur eldri borgurum í bæjarfélaginu.

10



Sjálfböðastarf – samfélagsleg ábyrgð

Sjálfböðastarf getur haft afar jákvæð áhrif á bæði einstaklinga og samfélög og getur skipt sköpum í framgöngu verkefna. Framlag eldri borgara sjálfra til samfélagsins vegur þar þungt. Lagt er til að efla enn frekar samstarf við sjálfböðaliða á öllum aldri sem vilja leggja sitt af mörkum við að efla lífsgæði eldri borgara og hlúa að samfélaginu á einn eða annan hátt. Mikilvægt er að gera starf sjálfböðaliða sýnilegt í bæjarfélaginu og hvetja íbúa til þátttöku í samfélagslegum verkefnum.

11



Aðstandendur

Með fjölgun eldri borgara er hlutverk aðstandenda í umönnunarhlutverki vaxandi. Aðstandendur standa oft frammi fyrir fjölmörgum spurningum og nýjum verkefnum sem erfitt getur verið að takast á við. Upplýsingagjöf, ráðgjöf og fræðsla getur því skipt máli fyrir aðstandendur þegar eldri borgarar þurfa á auknum stuðningi þeirra að halda í daglegu lífi. Stefnt er að því að efla þennan þátt í samráði og samstarfi við aðstandendur, starfsfólk Garðabæjar, heilsugæslu, heimahjúkrun, félagasamtök og aðra hlutaðeigandi aðila.

12

Starfsfólk öldrunar- og heimaþjónustu



Mannauður er lykill að framþróun og gæðum í öldrunar- og heimaþjónustu Garðabæjar. Lögð er áhersla á gefandi vinnuumhverfi þar sem þekking, reynsla og hæfileikar hvers og eins fá að njóta sín.

Framþróun á sér nú stað í hugmyndafræði, orðræðu, tækni og þjónustu við eldri borgara víðsvegar um heiminn. Lagt er til að horft verði til þeirra sem eru í fremstu röð í öldrunar- og heimaþjónustu héraðs sem erlendis til að stuðla bæði að bættri þjónustu og einnig til að efla metnaðarfullt, skapandi og eftirsóknarvert vinnuumhverfi í Garðabæ.

“ Lögð er áhersla á gefandi vinnuumhverfi þar sem þekking, reynsla og hæfileikar hvers og eins fá að njóta sín.

Til að svo megi verða er lögð áhersla á fagmenntun, fræðslu, símenntun og þjálfun starfsfólks. Þá er stefnt að því að styrkja tengsl við háskólasamfélagið og aðra aðila sem þjónusta eldri borgara svo það góða starf sem starfsfólk innir af hendi hafi vægi í þróun öldrunarþjónustu á Íslandi.

Störf í öldrunar- og heimaþjónustu eru bæði gefandi og krefjandi. Þjónustan er bæjarfélaginu mikilvæg og er lögð áhersla á að gera hana sýnilega í samfélaginu.

Viðauki



- **Aldursvænar borgir - „Global Network of Age Friendly Cities“**
- **Þjónustuhópur aldraðra**
- **Félags- og íþróttastarf**
- **Félagsleg heimaþjónusta**
- **Dagdvöl/dagþjálfun**
- **Hjúkrunarheimili**
- **Þjónustumiðstöð**
- **Leiguíbúðir fyrir eldri borgara**
- **Félög eldri borgara í Garðabæ**

Aldursvænar borgir – „Global Network of Age Friendly Cities“

Aldursvænar borgir er verkefni sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur haft frumkvæði að. Verkefnið er alþjóðlegt og miðar að því að mæta breytingum í samfélögum þar sem eldri borgurum fer hratt fjölgandi og fjöldi íbúa í þéttbýli fer vaxandi.

Verkefnið miðar að því að skoða þætti í þjónustu, umhverfi og skipulagi borga og bæja og meta hvort og þá hvernig unnt er að gera samfélögin aldursvænni. Horft er til málaflokka sem hafa áhrif á lífsgæði eldri borgara. Beinir þátttakendur í verkefninu fara í gegnum ferli þar sem markvisst er unnið að aldursvænum aðgerðum. Hugmyndafræði, hugmyndir að verkefnum og aðferðafræði er aðgengileg á vef Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og getur nýst öllum sveitarfélögum sem láta sig málefni eldri borgara varða.

Þjónustuhópur aldraðra

Þjónustuhópur aldraðra er starfræktur í Garðabæ samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr.125/1999:

7. gr. [Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum. [Yfirlæknir heilsugæslu tilnefnir lækni með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga og hjúkrunarforstjóri heilsugæslu tilnefnir hjúkrunarfræðing með þekkingu á öldrunarþjónustu.] 1) Sveitarstjórnir skipa án tilnefningar tvo fulltrúa sem hafa þekkingu á félagslegri þjónustu við aldraða. Skal annar þeirra vera félagsráðgjafi eða hafa hliðstæða menntun. Samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum ... 2)]

Félags- og íþróttastarf

Félags- og íþróttastarf fyrir eldri borgara á vegum bæjarfélagsins fer fram í Jónshúsi í Sjálandshverfi, í Litla-Koti á Álftanesi, í Kirkjuholi í Vídalínskirkju, í íþróttasal og sundlaug Sjálandsskóla auk annarra íþróttamannvirkja. Félags- og íþróttastarf veitir félagsskap og stuðlar að aukinni hreyfingu og lífsgæðum eldri borgara. Markmið starfsins er að fyrirbyggja og draga úr einsemd og félagslegri einangrun.

Félagsleg heimaþjónusta

Aldraðir í heimahúsum eiga rétt á heimaþjónustu geti þeir ekki hjálparlaust annast heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu s.s. vegna fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar. Sveitarfélög veita þessa þjónustu á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 en setja sjálf nánari reglur um framkvæmdina.

Réttur til heimaþjónustu er bundinn því skilyrði að fyrir liggi einstaklingsbundið mat á þörf fyrir þjónustu.

Dagdvöl/dagþjálfun

Í þjónustumiðstöð Ísafoldar, 1. hæð, er dagdvöl fyrir eldri borgara. Dagdvöl er stuðningsúrræði fyrir fólk sem býr í heimahúsi og felur í sér tímabundna dvöl, 1-5 daga vikunnar, við félags- og tómstundaiðkun, léttar leikfimiæfingar og fleira til dægrastyttingar. Aðgangur er að hvíldaraðstöðu og baðaðstöðu auk þess sem máltíðir eru innifaldar. Flutningsþjónusta er til og frá heimili.

Dagdvalarpláss eru fjármögnuð af ríkinu. Við stofnun Ísafoldar árið 2013 var sótt um leyfi fyrir tuttugu plássum en einungis fékkst leyfi fyrir tíu. Árið 2014 fékkst leyfi fyrir sex plássum í viðbót og mun Garðabær halda áfram að óska eftir leyfum fyrir þeim fjórum plássum til viðbótar sem húsnæðið gerir ráð fyrir.

Ísafold, hjúkrunarheimili

Hjúkrunarheimili er á 2., 3. og 4. hæð Ísafoldar. 60 hjúkrunarrými eru á heimilinu sem ætluð eru fólki sem er með heilsu- og færnimat fyrir pláss í hjúkrunarrými og þurfa sólarhringsþjónustu. Fólk á hjúkrunarheimili er of lasburða til að geta búið heima með þeim stuðningi sem er í boði svo sem heimaþjónusta, heimahjúkrun, dagdvöl, hvíldarinnlögn eða búsetu í dvalarrými. Í hjúkrunarrými skal veitt hjúkrunar- og lækniþjónusta auk endurhæfingar og annarrar þjónustu sem skilgreind er í lögum um málefni aldraðra nr.125/1999, kröfulýsingu fyrir öldrunarþjónustu, útgáfa II, janúar 2013 og gæðaviðmiðum Landlæknisembættisins.

Þjónustumiðstöð, Ísafold

Á fyrstu hæð Ísafoldar er þjónustumiðstöð þar sem almenningur getur sótt sér fjölbreytta þjónustu. Í þjónustumiðstöðinni eru skrifstofur félagslegrar heimaþjónustu, dagdvöl/dagþjálfun, sjúkra- og iðjuþjálfun, hárgreiðslustofa, fótaðgerðastofa og bakarí.

Leiguíbúðir fyrir eldri borgara

Garðabær á sex leiguíbúðir fyrir eldri borgara, þar af er ein íbúð fyrir 50 ára og eldri.

Félög eldri borgara

Tvö félög eldri borgara eru sjálfstætt starfandi í bæjarfélaginu. Annað með aðstöðu í Litla-Koti á Álftanesi og hitt með aðstöðu í Jónshúsi í Sjalandshverfi.



Umsjón: Ingibjörg Valgeirsdóttir
Guðbjörg Björnsdóttir
Ljósmyndir: Hreinn Magnússon
Ingibjörg Valgeirsdóttir
Hönnun: Auglýsingastofa E. Backman

Garðabær 2017

